

Alþingi
Erindi nr. P 143/434
komudagur 28.11.2013

Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

27. nóvember 2013

Umsögn um skýrslu ráðgjafarhóps um raforkustreng til Evrópu, 59. mál.

Undirrituð gerir á þessu stigi eftirfarandi athugasemdir við málsmeðferð og eitt efnisatriði skýrslunnar, sem er á þingskjali nr. 59 – 59. mál.

Æskileg samhliða umfjöllun í umhverfis- og samgöngunefnd m.a.

Skýrslan var lögð fyrir Alþingi í hinn 8. október 2013. Fram kom í máli iðnaðar- og viðskiptaráðherra í fjölmiðlum að hún teldi eðlilegt að skýrslan fengi umfjöllun atvinnuveganefndar, en einnig umhverfis- og samgöngunefndar og jafnvel efnahags- og viðskiptanefndar. Þar sem skýrslan er enn sem komið er aðeins til umfjöllunar hjá atvinnuveganefnd, er því beint til nefndasviðs að athuga hvort ekki sé rétt að tilgreindar nefndir fjalli um málið.

Æskileg samhliða umfjöllun um mál nr. 60

Iðnaðar- og viðskiptaráðherra lagði samdægurs fram aðra skýrslu, skýrslu nefndar um lagningu raflína í jörð (í samræmi við þál. 4/140) skjal nr. 60 – 60. mál. Fram kom í máli ráðherrans á Alþingi að hún teldi rétt að fjalla um hvorutveggja skýrslurnar samhliða. Færði hún rök fyrir því. Er því hér með beint til Alþingis að athuga hvort sú málsmeðferð er ekki haganleg. Eru málin enda nátengd.

Umfjöllun um flutningskerfið innanlands

Íslenska raforkuflutningskerfið er rekið af Landsneti. Nefnd sú er skilaði skýrslu um raforkustreng til Evrópu fjallaði lítillega um hið innlenda flutningskerfi sem grundvöll fyrir útflutningi á raforku. Fram kom á fundum nefndarinnar að Landsnet gerði í öllum áætlunum sínum ráð fyrir sæstreng til Evrópu og að verulegrar styrkingar yrði þörf vegna þessa. Segir svo í skýrslunni: ”Talsverð styrkingarþörf er í öllum áætlunum Landsnets vegna sæstrengs. Í þeim miðar fyrirtækið við 800 MW stöðugan útflutning.” Lýst var sviðsmyndum.

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands mat þjóðhagsleg áhrif sæstrengs fyrir nefndina. Í skýrslu stofnunarinnar var ekki gert ráð fyrir kostnaði við styrkingu flutningskerfis innanlands, en sagt að ef sæstrengur yrði lagður, yrði einungis um að ræða flýtingu á áætlunum um styrkingu meginflutningskerfis landsins næstu 20 ár, sem hvort eð er væri áætlað að fara í.

Af ofangreindu má ljóst vera að ákaflega grunn vitneskja hefur verið lögð fram um það hvað útflutningur á orku af því tagi sem hér er um rætt myndi þýða fyrir flutningskerfið og samfélagið í heild í því samhengi. Því er lagt til við atvinnuveganefnd að málið fái sérstaka umfjöllun að þessu leyti. Þá er og lagt til að þáttum er lúta að þeim áhrifum á flutningskerfið sem útflutningur um sæstreng myndi hafa verði beint til umhverfis- og samgöngunefndar með það í huga að meta áhrifin, eftir atvikum í samræmi við málsmeðferð sem ráð er fyrir gert í lögum nr. 105/2006.

Virðingarfyllt,

Sif Konráðsdóttir